



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 416

Kristjana Gunnarsdóttir Hafstein

(1836-1927)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 416

(Katrín) Kristjana Gunnarsdóttir Hafstein var fædd 20. september 1836 í Laufási, Höfðahverfi, í Suður-Pingeyjarsýslu, dáið 24. febrúar 1927.

Hún var dóttir hjónanna séra Gunnars Gunnarsson (1781-1853) og Jóhönnu Kristjönu Gunnlaugsdóttur Briem (1813-1878). Bræður hennar voru Tryggvi síðar bankastjóri, Gunnar, Eggert og Geirfinnur. Í Laufási var hún þar til faðir hennar lést 1853 og móðir hennar giftist aftur og flutti að Hálsi í Fnjóskadal. Kristjana fór 18 ára að Grund í Eyjafirði til Briems sýslumanns móðurbróður síns.

Á Grund kynntist Kristjana Pétri Havstein (Pétri Jörgen Peter Havsteen), fæddur 17. febrúar 1812, dáið 24. júní 1875, amtmanni á Möðruvöllum í Hörgárdal. Þau giftu sig 1857 og áttu saman níu börn, fimm dætur og fjóra syni, en tvö börn dóu í æsku. Börnin sem upp komust voru: Hannes Þórður síðar ráðherra, Marinó, Jakob, Gunnar, Lára, Elín og Jóhanna.

Þegar Pétur misst amtmannsembættið 1870 fóru þau að Skjaldarvík við Eyjafjörð þar sem Pétur andaðist 1875. Eftir það flutti Kristjana að Syðra-Laugalandi í Eyjafirði og 1881 hún fór til Reykjavíkur. Flutti 1885 með dóttur sinni Elínu, er giftist Lárusi Bjarnasyni sýslumanni, til Stykkishólms. Dvaldi síðar lengi hjá Hannesi syni sínum, en eftir lát hans hjá dætrum hans og andaðist á heimili Ragnheiðar og Stefáns Thorarensen lyfsala í Reykjavík.

Heimildir: Afmælis- og minningargreinar o.fl., um Kristjönu,

Pétur og Hannes tekið af <http://www.timarit.is>,

greinarnar eru fremst í öskju nr. 1.

Vilhelmina Sofía Sveinsdóttir afhenti Borgarskjalasafni skjölin þann 12. apríl 2010. Eiginmaður hennar Þorsteinn Á. Ásgeirsson (1933-1997) var langömmubarn Kristjönu Gunnarsdóttur Hafstein.

Gunnar Gunnarsson 1781-1853

Katrín Kristjana Gunnarsdóttir 1836-1927

Hannes Þórður Pétursson Hafsein 1861-1922

Elín Jóhanna Guðrún Hannesdóttir 1900-1988

Þorsteinn Ásgeir Ásgeirsson 1933-1997

Innihald safns: Afmæliskeðjur til Kristjönu.

Tími: 1916.

Skjalaskrá

Askja 1

Mappa, á hana er lettrað:

Virðingar- og samúðarvottur.

Amtmannsfrú Kristjana G. Hafstein, áttugasta afmælið 20. september 1916.

Frá konum í Reykjavík.

Í möppunni er:

Skrautritað skjal undirritað af konum í Reykjavík. Fram kemur í sjalinu að mynd af Laufási, fæðingarstað Kristjönu, hefur fylgt með gjöfinni, en er ekki í safninu nú.

Ljóð til Kristjönu á átttræðisafmæli hennar 20. september 1916, höfundur Jarprúður Jónsdóttir.

Skrautritað skjal með ljóði til Kristjönu á átttræðisafmæli hennar 20. september 1916, höfundur er María Jóhannsdóttir.

Lördagen d. 20. April 1893, ljóð, höfundur F.W.

Tvö umslög, skrautrituð, til Kristjönu Hafstein.

Skráð í apríl 2010

Gréta Björg Sörensdóttir